# Krílakot og Kátakot Dalvík

*September 2015*

**VIRÐING**
**JÁKVÆÐNI**
**METNAÐUR**

Komið sæl

Nú er skólastarfið komið á fullt skrið og aðlögun nýrra barna fer senn að ljúka í Krílakoti. Það tekur smá tíma að aðlgast nýjum aðstæðum og nýju fólki og ekki síst að yfirgefa foreldrana en allt hefst þetta.

Við höfum verið að vinna með Uppeldi til ábyrgðar—uppbygginarstefnuna það sem af er skólaári þar sem við förum yfir sáttmála skólans, förum yfir þarfir okkar og mikilvægi þess að við tökum tillit til annara. Við héldum kynningu á stefnunni á foreldrafundum í báðum skólum sem heppnaðist vel og urðu skemmtilegar umræður í kjölfarið. Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi agastjórnun þá ekki hika við að hafa samband. Það er alltaf gott að eiga í góðu samstarfi og jafnvel gera áætlun í sameiningu.

Skóladagatalið er á heimasíðunni og ef námsáætlanir eru ekki komnar inn þá detta þær inn á næstu dögum.Við hvetjum ykkur til að fylgjast með.

Dagur íslenskrar náttúru er miðvikudaginn 16. september og munum við halda uppá daginn með einhverju móti s.s gönguferðum, kíkja á tré sem við fylgjumst reglulega með og fleira. Þann 25 september er dótadagur og þá mega börnin koma með dót að heiman. Við hvetjum foreldra til að velja leikföngin vel og sleppa leikföngum með hljóðum og geyma smáa hluti heima.

Vegna viðbyggingar er aðeins ein hurð á forstofunni hjá Skakkalandi og Hólakoti en það verður bætt úr því nú í lok september, þá verður hurðin sett upp sem snýr út að lóðinni. Vonandi standast tímasetningar. Á meðan þurfum við aðeins að hagræða og ganga í gengum Skakaland. Börnin eru mjög áhugasöm um gröfur og vörubíla og gaman að þau geta fylgst með viðbyggingunni rísa á komandi mánuðum.

**Til upplýsinga hefur verið samþykkt að sumarlokun í Krílakoti sumarið 2016 verður í 5 vikur vegna framvkæmda við nýbyggingu. Sumarlokun í Kátakoti verður 4 vikur.**

Bestu kveðjur Drífa.

**Foreldraráð 2015-2016**

**Vinnum saman að velferð barna okkar og leikskólans.**

Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Bríet Þóra)
Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)
Sunna (Úlfur og Álfgrímur)





## Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Það er líka mikilvægt að forðast ákveðið samskiptamynstur.




**Áhrif** **Tilheyra** **Frelsi** **Gleði** **Öryggi**



# Grænfáninn

**"Allt er vænt sem vel er grænt"**

Við ætlum að prófa að auglýsa hér aftur eftir plasti:

**<u>PLASTVERKEFNI Í KRÍLAKOTI OG KÁTAKOTI</u>**

Við ætlum að vinna með plast í sumar og erum að byrja að safna, gulu, rauðu, grænu og bláu. Ef þið eigið eitthvað plast sem þið þið ætli að henda þá megið þið endilega gefa okkur það. Þetta geta verið brotnar fötur, skóflur, dollur, tappar, rör, plastflöskur, diskar, glös eða bara hvað sem er.

Þetta er það sem við ætlum að búa til.





# Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði.

Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara og hjálmlaus á hjólum

**<u>Starfsmönnun ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.</u>**



Munið að loka alltaf hliðinu á eftir ykkur, bæði í Krílakoti og Kátakoti.

Stöndum saman og sköpum börnunum okkar örugg umhverfi

**Foreldrafélag Krílakots og Kátakots**
**Skólaárið 2014-2015**

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

**Stöndum saman að velferð barna okkar**





**Stafsmannahald í Kátakoti 2015-2016**

Sólkot

Dóra, Erla og Emmi og Lilja Rós

Mánakot

Kristín, Sigrún Ingibjörg, Einar og Ágústa

Elhús

Ása

Sérkennsla í Krílakoti og Kátakoti

Þura

**Stafsmannahald í Kátakoti 2015-2016**

Hólakot

Kata, Jane, Inga, Silvía og Sigrún Björk

Skakkaland

Sylwia, Annalou, Magga, Lilja Rós, Dóra Rut og Gunna

Skýjaborg

Arna, Herdís, Ásdís, Elva Ósk og Anna

Eldhús

Halldóra og Magga Lára

Stjórnun

Drífa